

Ráðgjafafundur í Vestmannaeyjum í september

Fræðslu- og samráðsfundur ráðgjafanets FA var haldinn í Vestmannaeyjum 26. – 27. september. Megin efni fundarins snéri að notkun upplýsinga- og samskiptatækni (UST) í ráðgjöf annars vegar og ráðgjöf og þjónustu við fólk af erlendum uppruna hins vegar. Nanna Imsland náms- og starfsráðgjafi við Menntaskólann á Egilsstöðum flutti áhugavert erindi þar sem hún greindi frá hvernig hún hefur nýtt UST í ráðgjöf við nemendur. Auk þess voru verkefni sem eru í gangi hjá fræðsluaðilum kynnt og hópavinna fór fram þar sem megin áskoranir í ráðgjöf tengdar efni fundarins voru ræddar, sjá frétt á frae.is [hér](#).

Næsti samráðsfundur ráðgjafanetsins verður haldinn föstudaginn 28. febrúar 2020.

Helstu verkefni í ráðgjöfinni

Í sumar og haust voru nokkrar símenntunarmiðstöðvar heimsóttar og rætt um náms- og starfsráðgjöf framhaldsfræðslunnar. Í heimsóknunum kom fram að almennt gengur ráðgjöfin vel, en helstu áskoranir eru tengdar auknum fjölda ráðþega af erlendum uppruna, notkun rafrænna miðla í ráðgjöf og samskiptum við nemendur. Auk þess kom fram að miðstöðvunum gengur mis vel að sinna verkefninu „náms- og starfsráðgjöf á vinnustað“. Stjórn Fræðslusjóðs hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að fara með ráðgjöfina út til einstaklinga þar sem þeir eru staddir. Hún er lykill að því að ná til markhópsins með kynningar á þeim verkfærum sem m.a. eru í boði hjá framhaldsfræðslunni til að hvetja fólk til frekari náms- og starfsþróunar. Auk þess er það hvatning til vinnustaða að efla starfsfólk til færnipbygggingar.

Samantekt á tölum um kynningar á ráðgjöfinni á vinnustöðum, sem miðstöðvar skiluðu inn fyrir 10 fyrstu mánuði ársins 2019, sýna að heimsóknir/kynningar miðstöðvanna eru allt frá því að vera engar og upp í rúmlega hundrað .

Næstaskref.is

Uppfærsla á vefnum [Næstaskref.is](http://Nastaskref.is), sem upphaflega átti að verða sýnileg fyrir árslok, hefur tafist. Sú vinna er þó í fullum gangi hvað varðar virkni, útlit, verkfæri og annað efni. Nýjar starfs- og námslýsingar birtast raunar jafnt og þétt og nálgast starfslýsingarnar nú óðum 300. Notkun vefjarins hefur einnig haldist mjög stöðug, fyrirspurnir í tengslum við náms- og starfsráðgjöf berast reglulega og er þróun rafrænnar ráðgjafar á vefnum ein af mörgum spennandi áskorunum sem nú er unnið að. Frekari fréttir eru væntanlegar með vorinu.

Fréttir af VISKA

Evrópuverkefninu VISKA lýkur senn og verður lokaráðstefna þess hér á landi haldin [4. febrúar 2020](#). Lokaráðstefna heildarverkefnisins verður svo haldin í Brussel 12. febrúar. Sjá má auglýsingu og dagskrá á heimasíðu verkefnisins www.viskaproject.eu

Tilraunahluti verkefnisins hefur gengið vel hér á landi, þar sem 50 pólskir innflytjendur tóku þátt í raunfærnimati hjá IÐUNNI fræðslusetri og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Boðið var upp á raunfærnimati í húsasmíði, málaraíðni, matartækni og fyrir þernur, auk yfirfærnaleggrar færni (sbr. almenn starfshæfni). FA og IÐAN hafa unnið að gerð landsskýrslu um niðurstöður verkefnisins í haust sem miðlað verður í byrjun næsta árs. Ljóst er að huga þarf að aðgengi innflytjenda að raunfærnimati og ekki síður að íslensku skólakerfi í kjölfar raunfærnimats.

Náms- og starfsráðgjafar eru hvattir til að mæta á lokaráðstefnuna 4. febrúar.